

## Hugleiðingar um leiðarljós og gildi fyrir atvinnugrein í þróun

*Vilhjálmur Jens Árnason, Íslenski sjávarklasinn*

### Góðan dag ágætu fundargestir!

Ég vil byrja á því að **þakka Strandbúnaði** fyrir að bjóða mér að vera hér í dag – og fá þannig tækifæri til að deila með ykkur **heimspekilegum hugleiðingum mínum** um gildi og leiðarljós fyrir þá mikilvægu og vaxandi atvinnugrein sem hér er rædd.

Í þau rúm 20 ár sem ég hef verið viðloðandi sjávarútveg; fyrst fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, síðar fyrir Landssamband Íslenskra Útvegsmanna og nú fyrir Sjávarklasann – auk þess að hafa unnið við heimspeki m.a sem kennari í viðskiptasiðfræði við Háskóla Íslands - og þannig í gegnum tíðina haldið ótal erindi bæði um sjávarútveg og siðfræði – er þetta samt í **fyrsta skipti sem ég er beðinn um að tala um þetta tvennt í samhengi** með það að markmiði að skilgreina siðferðileg álitafni til að auka getu atvinnugreinar til að vaxa. Mér finnst það segja margt um þá **jákvæðu þróun** sem orðið hefur undanfarin ár og þann **mikla metnað** sem ríkir á ykkar vettvangi til að gera vel og enn betur en gert hefur verið. **Til hamingju með það!**

Og trúið mér – **kæru gestir** – sem heimspekingur með framhaldsmenntun í siðfræði og viðskiptum – veit ég að það **er sannarlega ekki sjálfgefið eða sjálfsagt** að um málefni einstakra atvinnugreina sé fjallað með hliðsjón af siðræðilegum álitafnum. Ég veit líka að í hinum harða heimi viðskipta og atvinnulífsins þykir oft fremur óspennandi og heldur hamlandi að flækja verkefni með heimspeki eða siðfræði. Með sama hætti veit ég að í hinum akademiska heimi þykir mörgum fremur lítið til þess koma að eyða miklum tíma í dagleg verkefni viðskipta og atvinnulífs.

**Sjálft orðið „heimspeki“** tekur mið af þessum hugsanahætti, en orðið philosophy er samsett úr tveimur grískum orðum: **Philo (elska) og sophia (viska)**. Heimspekingar

Strandbúnaður 2018, Grand Hótel Reykjavík, 19.-20. mars

segja þannig gjarnan að þeir elski visku – viskunnar vegna - og leiti þekkingar – þekkingarinnar vegna. Heimspékin sé því í eðli sínu ekki hagnýt og hún eigi ekki að vera það. Hennar staður sé innan innan veggja æðri menntastofnana og á vettvangi fræðasamfélagsins. Hún eigi síður erindi á markaðstorgi viðskipta eða í tengslum við einhvern óæðri tilgang en þann einan að elska viskuna.

En um leið og við þekkjum slík viðhorf – **kæru gestir** - vitum við hversu **mikilvægt einmitt þetta samtal er**. Hversu mörg sóknarfæri slík umræða færir ekki bara akademísku fræðunum heldur líka atvinnugreinunum. Fræðin yfirgefa sinn alkunna fílabEinsturn og verða hluti af daglegu lífi hins venjulega og vinanndi manns. Og atvinnugreinar sem hafa hugrekki til að skoða siðferðileg álitaefni og takast á við þau eru ekki aðeins líklegri til að starfa í sátt við samfélag sitt og samtíma – heldur auka hæfni sína til að takast á við ólíkar aðstæður og auka þannig hag eigenda, starfsmanna og umhverfis.

Ég ætla því strax, **kæru gestir**, að segja að um leið og ég fagna því að fá að deila með ykkur mínum heimspékilegu hugleiðingum um þau gildi og leiðarljós sem vaxandi grein eins og strandbúnaður þarf að huga að – **þá skil ég, virði og þekki** í gegnum eigin störf mikilvægi þess að greinin gangi vel fjárhagslega, skili atvinnu, arði og eigi sér rekstrargrundvöll.

**Mín skoðun – bæði heimspékilega og viðskiptalega – er hins vegar sú að þessi sjónarmið séu ekki andstæð heldur samstæð** og það að huga betur að heimspékilegum og siðferðilegum álitaefnum auki getu greinarinnar til gera og vera einmitt það sem við öll viljum að hún sé; gagnleg, arðbær og mikilvæg, tilbúin að mæta nútíð og framtíð sem gerir miklu meiri kröfur til siðferðis, tilgangs og gilda en fortíðin gerði.

**Kæru gestir!**

Áður en ég deili því með ykkur hvers vegna ég tel að siðferðileg grunngildi

Strandbúnaður 2018, Grand Hótel Reykjavík, 19.-20. mars

atvinnugreinar eins og strandbúnaðar séu best römmuð inn í tveimur orðum – **VIRÐING og FAGMENNSKA**, langar mig að minna okkur öll á það hvers vegna slík atvinnugrein stendur svo nærri umræðunni um siðferðileg álitamál.

Við sem hér erum þekkjum að fiskeldi er **sú grein matvælaframleiðslutækni sem hefur vaxið hraðast síðustu áratugi**. Vöxturinn hefur verið hreint ótrúlegur og framleiðslan á heimsvísu farið úr 4 milljónum tonna árið 1970 í 79 milljón tonn árið 2016. Hér á landi hefur greinin líka verið að sækja í sig veðrið og í magni er framleiðslan orðin álíka mikil og öll lambakjötsframleiðsla þjóðarinnar. Mikill vöxtur kemur til vegna þess að það er eftirspurn eftir framleiðsluvörunum og greinin er arðsöm. Hún laðar þannig til sín fólk og fjármagn. Greinin skapar störf í hinum dreifðu byggðum sem oft eiga undir högg að sækja og styður þannig við efnahag svæða og landa. Varan sem er búin til er í flestum tilfellum talin holl og eykur lífslíkur neytenda. Ræktaður fiskur getur orðið til að mæta aukinni eftirspurn frá vaxandi fólksfjölda og getur þannig átt þátt í að minnka álag á villta stofna. Þannig er hægt að finna raunveruleg og mjög mikilvæg rök – hagræn, umhverfisleg, manneldis og samfélagsleg - fyrir gildi fiskeldis.

**Hröð uppbygging greinarinnar** hefur hins vegar að sjálfsögðu ekki aðeins haft í för með sér þau jákvæðu áhrif sem við öll þekkjum - heldur einnig áskoranir sem kallað hafa á vangaveltur um neikvæðari samfélagsleg áhrif – hvort sem það er í formi skaða fyrir umhverfi, lífríki eða íbúa.

Umræðan um félagslegu afleiðingar greinarinnar eru sambærilegar við önnur álitaefni sem tengjast viðskiptum manna almennt, en einnig verða til nýjar áskoranir vegna þess að tæknin í kringum eldið er að þróast. Rými undir fiskeldi í sjó er takmarkað og hægt er að deila um hvernig því takamarkaða rými er ráðstafað. Er því ráðstafað þannig að það sé til hagsbóta fyrir nærumhverfið eða hverfur stór hluti arðsins út úr samfélögunum?

Rætt hefur verið um að með tilkomu fiskeldis verði einnig tilflutningur á gæðum frá fátækum ríkjum til ríkari landa. Ódýr fiskur sem getur nýst til að næra fátækari

Strandbúnaður 2018, Grand Hótel Reykjavík, 19.-20. mars

Þjóðirnar er nýttur sem fóður í fiskeldi þar sem framleiddar eru afurðir fyrir ríkari þjóðirnar. Bent hefur einnig verið á, að stór hluti fiskeldis fari fram í vanþróuðum ríkjum þar sem regluverk er lélegt sem getur leitt til þess að réttindi fólks eru ekki virt.

Í tengslum við afleiðingar fyrir umhverfið er nefnt að víða hafi reynt á þanþol svæða og menn óttast sjúðóma, snýkjudyf og blöndun við villta laxastofna. Umræða hefur komið upp um að ekki sé nægilega vel hugað að velferð eldisfiska. Eldið getur einnig haft sjónræn áhrif á svæðum þar sem náttúra er villt og ósnortin.

### **Kæru gestir!**

Þessi einfalda mynd mín af stöðunni – hröðum vexti greinarinnar og þær áskoranir sem henni hafa þannig mætt hagfræðilega, umhverfislega og félagslega – **ramma að mínu mati vel inn hvers vegna greinin stendur frammi fyrir siðferðilegum álitaeftum** og hverjum þá helst. Það er þannig afar eðlilegt og í raun óumflýjanlegt að slík grein – slík atvinnustarfsemi – standi frammi fyrir ótal flóknum grundvallar-spurningum. Um leið er það jafn ljóst, að hvernig þeim spurningum verður svarað, mun hafa mikil áhrif á vöxt, framgang og framtíð greinarinnar.

Og þá er ég kominn að **svari mínu um hvernig best er að mæta þeim siðferðilegu álitaeftum** gegnum grunnildin tvö sem ég nefndi í byrjun.

Annað þessara grunnilda sem ég tel að greinin eigi að líta til - beinist öðru fremur að ytra umhverfi hennar og ég kys að ramma inn með orðinu **VIRÐING**. Hitt grunnildið beinist að innra umhverfi starfseminnar og ég ramma inn með orðinu **FAGMENNSKA**. Bæði þessu hugtök – **VIRÐING OG FAGMENNSKA** – innihalda þætti sem ég tel skipti mestu fyrir atvinnugrein eigi hún að vaxa og vera til heilla fyrir eigendur sína, viðskiptavinum og umhverfið.

Ég ætla ekki að halda því fram að það að líta til þessara gilda í rekstri eða starfssemi flókinna atvinnugreina sé einfalt. Öðru nær, enda viðfangseftin fjölþætt. Það er

Strandbúnaður 2018, Grand Hótel Reykjavík, 19.-20. mars

ekki aðeins að náttúran sé síbreytileg og hagsmunir margslungnir. Inn í umræðuna blandast fjölmörg álitamál sem að einhverju eða öllu leiti eru ekki bara tengd siðfræði heldur einnig líffræði, lögfræði, hagfræði eða stjórnmálum.

Mismunandi tungutak og hugtakanotkun getur einnig flækt málin – þannig að hætt er við að verðmætum og hagsmunum af ólíkum toga sé ruglað saman og rökum sem eiga við í einu tilviki sé beitt í tilvikum sem eru ekki fyllilega hliðstæð. Þetta leiðir að mínu mati of oft til þess – að minnsta kosti í opinberri umræðu – að áður en sanngjörn greining um ólíka afstöðu hefur átt sér stað - hefur umræðan stillt sjónarmiðunum upp sem andstæðum og fólki upp í andstæðar fylkingar. Það sem á eftir kemur verða átök um enga lausn, frekar en samtal um hugsanlega sátt.

En þá komum við einmitt – **kæru gestir** – að mikilvægi þess sem ég kalla ytra gildið sem verður að vera til staðar í öllum atvinnurekstri og er **VIRÐING**. Ef atvinnugrein tileinkar sér gildi virðingar í samskiptum sínum við umhverfi sitt og samfélag fylgir því að lögð er áhersla á; að sýna sjónarmiðum og skoðunum annarra skilning; að vera reiðubúin að líta til stærri hagsmuna en skammtíma þegar ákvarðanir eru teknar; að setja sig í spor þeirra sem ekki deila sjónarhorni eða sömu hagsmunum; að virða réttindi annarra; að bera ábyrgð á orðum sínum og gerðum en fyrst og fremst virðing fyrir því að við erum öll hluti af stærri heild sem þarf að spila saman svo vel gangi.

### **Kæru gestir!**

En þrátt fyrir að virðing atvinnulífs eða einstakra atvinnugreina fyrir umhverfi sínu, samfélagi og samferðafólki geti skilað því miklu og tryggt sannfærandi svör við áleitnum siðferðilegum álitaefnum – dugar það skammt ef þeir sem eiga í samskiptum við greinina leggja ekki trúnað á það að innra starf hennar sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgrar atvinnustarfsemi. **Nýir tímar, ný tækni og ný vitund almennings** kallar einfaldlega á það að allar greinar – og sérstaklega þær sem mikið eiga undir náttúru og sameiginlegum auðlindum geri einmitt það.

Strandbúnaður 2018, Grand Hótel Reykjavík, 19.-20. mars

Orðið **fagmennska** nær að mínu mati best að lýsa þessu gildi sem til staðar þarf að vera fyrir innri starfsemi greinarinnar, enda felur það orð í sér að í öllu starfi greinarinnar er litið til; trausts og ábyrgðar, gagnæis og eðlilegrar upplýsingagjafar; verk séu unnin af kunnáttu og trúmennsku; stuðst sé við ákveðnar og fyrirfram skráðar reglur og það séu öllum ljóst að metnaður og vilji greinarinnar endurspeglar ekki bara í orðum hennar heldur gjörðum. Í gildinu fagmennska felst einnig og ekki síður ákveðin afstaða sem gefur samfélaginu tryggingu fyrir því að afsláttur á gæðum og góðum vinnubrögðum sé ekki í boði og til staðar sé virkt eftirlit sé fagmennskan ekki í fyrirrúmi.

**Kæru gestir!**

**Virðing og fagmennska eru því svar mitt við heimspekilegum hugleiðingum dagsins um leiðarjós og gildi fyrir vaxandi atvinnugrein.** Um leið og ég átta mig á því að við flest teljum okkur leita leiða til að viðhafa þessi gildi í okkar daglega lífi og í þeirri atvinnustarfsemi sem við stundum – **er ég með þessum áherslum að leggja til að við gerum miklu meira en hafa þessa þætti í huga.** Þá þarf að skrá; setja með þeim markmið, viðmið og reglur sem við getum stuðst við, fylgt eftir og mælt.

Og um leið og það getur verið sérstaklega flókið í atvinnugrein eins og fiskeldi sem byggir afkomu sína oft á afstöðu og ákvörðunum samfélags um nýtingu náttúru og sameiginlegra auðlinda – er það um leið sérstaklega mikilvægt fyrir slíka atvinnugrein. Um leið og ég átta mig á því að heimspekin hefur ekki alltaf verið talin gagnleg atvinnulífinu eða einstökum atvinnugreinum við slík viðfangsefni – **hvet ég til þess að þau fjölmörgu tæki, leiðir og aðferðir heimspekinnar séu einmitt nýtt til svara við áleitnum spurningum atvinnulífs.**

**Það er nefnilega svo að öflugur vöxtur, breytingar og sókn tengjast ekki aðeins sögu fiskeldis á síðustu áratugum heldur hefur heimspeki samtímans tekið miklum breytingum frá því spurningar um nýtingu náttúrunnar og siðfræðin áttu takmarkaða samleið. Náttúran var nefnilega ekki fyrr en í seinni tíð áberandi hluti af siðfræðilegri rökræðu, enda ljóst að erfitt er jú að eiga samtal við náttúruna um slík álitaefni.**

Strandbúnaður 2018, Grand Hótel Reykjavík, 19.-20. mars

Samkvæmt þeirri heimsmynd sem var ríkjandi innan heimspekinnar fram yfir miðja síðustu öld var maðurinn sem hin skynsemi gædda vera í miðju tilverunnar og dýrin og náttúran eitthvað sem maðurinn hafði afnot af. Þetta eru hugmyndir sem fyrst komu fram hjá Aristotelesi um 350 árum f. krist og voru svo partur af boðskap kristinna manna. **Og þegar hann Gunnar okkar á Hlíðarenda sagði „fögur er hlíðin“** var fegurðin fyrst og fremst fólgin í notagildi landsins fyrir manninn. Gunnar sá þannig bara bleika akra sem áhrif gátu haft á hann og lífskjör þeirra sem landið byggðu – en hlíðin eða náttúran almennt hafði sem slík ekkert sjálfstætt gildi. Þessi afstaða er breytt - og Innan heimspekinnar hafa komið fram sjónarmið sem líta á hlíðina fögru ekki aðeins sem bleikan og ætan akur – heldur einnig eitthvað sem hefur sjálfstætt eigið gildi, sem lýtur eigin lögmálum óháð mannlegum hagsmunum og mannlegu verðmati. Siðfræðin snýst þannig nú ekki bara um manninn, hvernig líf er eftirsóknarvert fyrir hann og það sem á sér stað í samskiptum manna, hún fjallar líka um afstöðu manna til lífsins og tilverunnar í heild sinni og viðleitni hans til að koma sér fyrir hér á þessari litlu plánetu í sambýli við aðrar lifandi verur og vistkerfi.

Ég er í engum vafa um að ef **mikilvægar og vaxandi atvinnugreinar eins og þær sem tengjast strandbúnaði nýta sér heimspeki og siðfræði til að leita svara** - mun það ekki aðeins fjölga tækifærum greinarinnar til að njóta eigin getu og tækifæra - heldur auki það líkurnar á því að sá vöxtur verði í **góðri sátt við samtíma okkar, samfélag og umhverfi**.

Um leið og ég þakka fyrir mig – óska ég ykkur alls hins besta í ykkar mikilvægu störfum.

**Takk!**